

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Klettagarðar 27.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 28. júlí 2017, breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 27 við Klettagarða. Í breytingunni felst m.a. að byggingarreitur neðanjarðar er stækkaður og verður bílgeymsla, gert er ráð fyrir opnu bílastæðahúsi á lóð, opið tveggja hæða, auk þess sem gert er ráð fyrir bílastæðum á þaki bílastæðahúss og kjallari verður undir hluta húss. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Fiskislóð 43.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 28. júlí 2017, breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðar nr. 43 við Fiskislóð. Í breytingunni felst m.a. að stækka byggingarreit og færa nær götu til suðvesturs í samræmi við Fiskislóð 45, hækka hámarkshæð úr 12 metrum í 18 metra á reit innan byggingarreits fyrir sértílbúinn sýningarsal og fækka bílastæðum niður í 35 (þar af 3 rútustæði). Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Templarasund 3 og Kirkjutorg 4.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar þann 28. júlí 2017, breytingu á deiliskipulagi reits 1.141.2 vegna lóðarinnar nr. 3 við Templarasund og nr. 4 við Kirkjutorg. Í breytingunni felst m.a. að bætt er við takmörkuðum byggingarreit í inngarði undir svölum við austurhlíð Templarasunds 3. Byggingarreiturinn takmarkast við 1. hæð og kemur til með að innihalda stoðrymi við rekstur á jarðhæð húsanna. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 11. ágúst 2017.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 25. ágúst 2017